



Hólmanes

Stjórnunar- og verndaráætlun 2017-2026

Janúar 2017



UMHVERFISSTOFNUN



Efnisyfirlit

AÐGERÐAÁÆTLUN 2017 – 2021	3
1. INNGANGUR.....	5
1.1. Leiðarljós	5
1.2. Eignarhald og umsjón	6
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	6
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	6
2. LÝSING Á SVÆÐINU	7
2.1. Mörk svæðanna	7
2.1.1. Tengsl við grannsvæði	7
2.2. Náttúruminjar	7
2.2.1. Jarðminjar.....	7
2.2.2. Gróður	8
2.2.3. Dýralíf	9
2.3. Menningarminjar	9
2.4. Landnotkun	10
2.5. Ferðaþjónusta og útivist.....	10
2.6. Innviðir og mannvirki	10
2.6.1. Vegir og vegslóðar	11
2.6.2. Stígar, gönguleiðir og skilti	11
2.7. Rannsóknir og vöktun	11
2.8. Kynning og fræðsla.....	12
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	13
3.1. Náttúruminjar	14
3.1.1. Jarðminjar.....	14
3.1.2. Gróður	14
3.1.3. Dýralíf	14
3.2. Menningarminjar	15
3.3. Landnotkun, ferðaþjónusta og útivist	15
3.4. Innviðir og mannvirki	15
3.4.1. Stígar og gönguleiðir.....	16
3.4.2. Skilti	16
3.4.3. Sorp og sorphirða	17
3.4.4. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum.....	17
3.5. Rannsóknir og vöktun	17
3.6. Kynning og fræðsla.....	18
3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför.....	18
SÉRSTAKAR REGLUR.....	19
HEIMILDIR	20
VIÐAUKI I.....	21
VIÐAUKI II	22
VIÐAUKI III.....	23

Aðgerðaáætlun 2017 – 2021

Kafla þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða Umhverfisstofnunar sem brýnast er að grípa til svo að verndargildi friðlands og fólkvangs í Hólmanesi haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili neðangreindra aðgerða.

Árlega

- ✓ Nýjar vörður séu reglulega upprættar í samvinnu við Fjarðabyggð, þó verði tryggt að gamlar vörðuhleðslur sem hafa menningarsögulegt gildi verði ekki upprættar.
- ✓ Slá skal lúpínu í Hólmanesi í samvinnu við Fjarðabyggð.
- ✓ Huga skal að lagfæringum á stígum og öðrum innviðum.

2017

- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar geri úttekt á innviðum og kortleggi villustíga í Hólmanesi.
- ✓ Umsjónarsamningur við sveitafélagið Fjarðabyggð verði undirritaður.
- ✓ Hafist verði handa við að loka villustígum á svæðinu.
- ✓ Sett verði upp skilti við áningarstað á Hólmanesi sem vísar á næstu salerni.
- ✓ Unnið verði að því að stika gönguleiðir til að samræma gönguleiðir, deiliskipulag og gönguleiðakort.
- ✓ Táknmyndir um hráphættu verði sett upp þar sem við á.
- ✓ Leiðbeiningar og táknmyndir verði settar upp til að draga úr vörðuhleðslum.

2018

- ✓ Unnið verði áfram að lokun villustíga
- ✓ Gönguleiðir verði merktar í samræmi við deiliskipulag og gönguleiðakort, með vegprestum og litum þar sem það á við.
- ✓ Fræðsluskilti um gróðurfar og vistkerfi verði hönnuð og sett upp á svæðinu.
- ✓ Fræðsluskilti um búskaparhætti verði hönnuð, í samráði og samstarfi við Minjastofnun og sett upp á svæðinu.

2019

- ✓ Fræðsluskilti um landmótun svæðisins og megineldstöð Reyðarfjarðar verði hönnuð og sett upp á svæðinu.
- ✓ Allri vinnu við samræmingu gönguleiðakorts og gönguleiða á svæðinu skal lokið.
- ✓ Samstarf við Fjarðabyggð um útikennslusvæði í fólkvanginum Hólmanesi.



2020

- ✓ Samstarf við Fjarðabyggð um aðstöðu til fuglaskoðunar.
- ✓ Bekkir verði settir upp við gönguleiðir, skv. deiliskipulagi.

2021

- ✓ Aðgerðaráætlun fyrir Hólmanes verði endurskoðuð.

1. Inngangur

Hólmanes er heiti á nesi í Reyðarfirði á Austfjörðum. Svæðið er heimkynni fjölskrúðugs fuglalífs, fjölbreytts gróðurfars og einkennist af grónu flatlendi þar sem brattir hólmar tróna upp úr á stöku stað. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og er friðlýst sem bæði fólkvangur og friðland.

Stjórnunar- og verndaráætlun Hólmaness tekur til bæði fólkvangsins og friðlandsins. Með áætluninni er leitast við að viðhalda verndargildi Hólmaness og á sama tíma að styrkja svæðið sem útivistarsvæði. Við gerð stjórnunar- og verndaráætlana er ávallt byggt á friðlýsingu svæðanna sem um ræðir, sem og samþykktu deili- og/eða aðalskipulagi fyrir svæðin. Áætlun Hólmaness er unnin í samvinnu við Fjarðabyggð og er sett í samræmi við lög 60/2013 um náttúruvernd.

Starfshópin skipuðu:

Anna Berg Samúelsdóttir, fulltrúi Fjarðabyggðar
Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

René Biasone, sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Austurlandi vann náíð með hópnum.

Umhverfisstofnun skal vinna stjórnunar- og verndaráætlanir í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila eftir atvikum sbr. 81 gr. laga 60/2013 um náttúruvernd. Í upphafi vinnunnar var gerð samráðsáætlun þar sem tilteknir voru þessir lögbundnu samráðsaðilar. Þeim var sent erindi við upphaf vinnunnar til upplýsinga um að hún væri hafin og þeim gefinn kostur á að koma að henni frá upphafi.

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2025 og er skipt í þrjú kafla. Fyrstu tveir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Hólmanes en í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið. Meðfylgjandi stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Nánari fróðleik um fólkvanginn og friðlandið Hólmanes má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

1.1. Leiðarljós

Hér að neðan má sjá leiðarljós fyrir vinnuna en leiðarljósinn lýsa framtíðarsýn fyrir svæðið og eru þau útgangspunkturinn þegar unnið er að stefnumótun fyrir Hólmanes. Leiðarljósinn eru:

- ✓ Að svæðið sé fyrirmyndar útivistarsvæði.
- ✓ Að svæðið gefi gestum tækifæri til að njóta náttúru og fræðast um hana.
- ✓ Að lífríki Hólmaness fái að þróast á eigin forsendum.
- ✓ Að hugað verði að vernd jarðminja svæðisins.
- ✓ Að náttúruvernd sé í fyrirrúmi í allri framtíðarskipulagningu svæðisins.
- ✓ Að svæðið sé, a.m.k. að hluta til, aðgengilegt fyrir alla.

1.2. Eignarhald og umsjón

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 13. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Friðlandshluti Hólmaness var áður í eigu ríkis en fólkvangshlutinn er í eigu Fjarðabyggðar. Í dag er svæðið allt í eigu sveitafélagsins. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á rekstri friðlandsins en Fjarðabyggð ber ábyrgð á rekstri fólkvangsins í Hólmanesi. Viðræður um gerð umsjónarsamnings sem felur Fjarðabyggð umsjón með friðlandinu hafa staðið yfir en stjórnunar- og verndaráætlun verður að liggja fyrir áður en slíkur samningur er undirritaður.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Hólmanes var friðlýst sem annars vegar friðland og hins vegar fólkvangur árið 1973, samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 47/1971 (Stj.tíð. B, nr. 393/1973).

Aðalskipulag Fjarðabyggðar gildir frá 2007-2027 en í aðalskipulaginu segir að Hólmanes sé ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar og að ekki sé gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á svæðinu en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar. Einnig hefur verið unnið deiliskipulag fyrir svæðið og er þar einungis gert ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist. Í deiliskipulagi er lagt fram það markmið að auka gildi svæðisins fyrir almenning og stuðla að aðgengi fyrir alla. Sjá nánar á heimasíðu Fjarðabyggðar: www.fjardabyggd.is og heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Markmiðið með friðlýsingu friðlandshluta Hólmaness er að stuðla að sjálfbærri þróun þess lífríkis sem þar fyrirfinnst. Friðlandið Hólmanes flokkast í IV flokk verndarsvæða skv. skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í IV flokk eru verndarsvæði þar sem stuðlað er að verndun vistgerða, búsvæða lífvera eða einstakra lífvera. Stjórnun slíkra svæða felur í sér að friðlandinu er haldið við með markvissum hætti með það að markmiði að lífríki þess viðhaldist. Áhersla getur verið lögð á fræðslu um lífríki svæðisins sem hluta af stjórnun þess. Slík svæði geta verið brot úr stærri vistkerfum eða lífríkisheildum eða sem hluti af lífríki sem nýtur frekari verndunar á lands- eða alheimsvísu.

Markmiðið með friðlýsingu fólkvangshluta Hólmaness er að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Fólkvangurinn Hólmanes flokkast í V flokk verndarsvæða skv. skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN. Í V flokk IUCN eru verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Varðveisla þessa samspils er hluti af verndun svæðisins og þeirra náttúrufarslegu og menningarlegu gilda sem svæðið hefur.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðanna

Eskifjarðarmegin er fólkvangurinn, 74 ha, en Reyðarfjarðarmegin er friðlandið sem er 206 ha. Samtals er svæðið því 318 ha. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess. Mörk svæðisins má skoða nánar í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins í viðauka I og á korti í viðauka II.

2.1.1. Tengsl við grannsvæði

Hólmanes liggur á milli íbúabyggða í Eskifirði og í Reyðarfirði og er vinsælt útivistarsvæði með möguleika á útikennslu fyrir grunnskólabörn á svæðinu. Norðfjarðarvegur, þjóðvegur nr. 92, liggur rétt utan við friðlýsta svæðið. Álverið í Reyðarfirði er í næsta nágrenni hinna friðlýstu svæða en friðlandið í Hólmanesi er rétt fyrir utan þynningarsvæði álvorsins.

2.2. Náttúruminjar

Hólmatindur rís tæplega 1000 m yfir sjávarmál milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og teygja Hólmaháls og Hólmanes sig til suðausturs frá honum. Hluti Hólmaháls og allt Hólmanesið er innan marka friðlýsta svæðisins. Klettaborgir sem skaga upp úr flatlendinu í kring eru einkennandi fyrir Hólmanes og ber Ytri-Hólmaborg hæst af þeim klettum eða 114 m.y.s.¹ Mikill fjölbreytileiki í landslagi, gróðurfari og dýralífi einkennir svæðið.

2.2.1. Jarðminjar

Hólmanes og Hólmaháls eru úr dökku basísku bergi en yst á nesinu er ljósleitt líparít sem er súrt gosberg. Er sá hluti vestasti og yngsti hluti Reyðarfjarðareldstöðvarinnar en hún var virk fyrir 11-12 milljón árum.² Líparít er viðkvæmt og klofnar auðveldlega í flögur en merki þess má sjá norðan og austan við Ytri Borgina.

Jöklar ísaldar hafa sett svip sinn á Hólmanes og landslagið í kring. Reyðarfjörður er gríðarstór jökulsorfinn dalur en dýpt hans er 130-150 m. Minni jökull hefur skriðið út eftir Eskifirði sem er 30-59 m djúpur. Eftir að eldvirkni lauk við Reyðarfjörð hefur landmótun átt sér stað fyrir tilstilli rofafla, ekki síst jöklanna sem sorfið hafa landslagið í firðinum. Hólmarnir og borgirnar sem einkenna landslagið í Hólmanesi hafa orðið til þegar hraun tróðst á milli sprungna og storknaði þar. Slík innskot hafa verið harðari en bergið í kring og rofmáttur ísaldarjökulsins því ekki unnið á innskotunum með sama hraða og nærliggjandi bergi. Hólmarnir sem líta út

¹ Fjarðabyggð, ekkert ártal.

² Náttúrustofa Austurlands, 2010.



Fjölbreyttur gróður er í Hólmanesi

eins og hvalbök eru vitnisburður um skriðstefnu jökulsins.³ Bannað er að raska jarðminjum innan svæðisins, á þetta einnig við um nýjar og óþarfa vörðuhleðslur.

2.2.2. Gróður

Þurrt mólendi einkennir svæðið út með nesinu. Á milli hólmannna tveggja er að miklu leyti mýrlendi. Margar einkennisplöntur Austfjarða vaxa í Hólmanesi, t.d. maríuvöttur, bláklukka, gullsteinbrjótur, klettafrú og sjöstjarna.⁴ eru þetta tegundir sem eru nokkuð algengar á Austfjörðum en nokkuð sjaldgæfar annars staðar. Á svæðinu ríkir tegundafjölbreytni en samtals hafa um 150 háplöntutegundir verið skráðar á svæðinu. Tegundir sveppa, mosa og fléttna hafa ekki verið skráðar.⁵ Í Hólmanesi er einnig að finna fremur sjaldgæfar plöntur á borð við stóraburkna sem þrífst vel í skugga kletta og hólma, aronsvönd, villilín, dökkasef og sigurskúf. Stóriburkni og aronsvöndur vaxa í Urðarhvammi, ásamt klettafrú sem einnig vex í Ytri Hólmaborginni. Þá vex hvítt afbrigði bláklukku í Hólmanesi. Engar af þeim 150 tegundum sem skrásettar hafa verið á svæðinu eru á valista eða eru sérstaklega friðaðar.⁶

³ Náttúrustofa Austurlands, 2010.

⁴ Fjarðabyggð, ekkert ártal.

⁵ Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir. 2003.

⁶ Ibid.

Lúpína er áberandi á svæðinu og telst til ágengra tegunda. Lúpína var slegin á öllu svæðinu sumarið 2016 og fjarlægð af sjálfbóðaliðum SEEDS, undir stjórn Fjarðabyggðar.

2.2.3. Dýralíf

Mikið fuglalíf er í Hólmanesi allt árið um kring. Æðavarp er í nesinu og var fjöldi varpugla árið 2003 áætlaður um 350 pör.⁷ Æðarfuglinn er á svæðinu allt árið um kring en kollurnar og ungar dvelja í fjörum fram eftir sumri. Fjölmargar fuglategundir verpa í klettum, láglandi og fjöru í Hólmanesi. Þar á meðal má nefna þúfutittling, steindepil, skógarþröst, kríu, ritu, silfurmaf og svartbak. Einnig sést stöku sinnum til æðarkóns. Af dýrategundum á valista verpur hrafn í Hólmanesi og grágæs í nesinu og nágrenni. Áður verpti bjargdúfa í hólmunum en henni var útrýmt á níunda áratug síðustu aldar. Hreindýr stoppa annars lagið við, bæði í Hólmanesi og á Hólmahálsi. Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands frá 2003 kemur fram að yfirleitt hafi 20-30 hreindýr veturdvöl í Reyðarfirði, meðal annars í nágrenni Hólmaháls. Dýr voru talin árið 2000 og fundust þá bæði í Hólmanesi og á Hólmahálsi.⁸ Refur sést í Hólmanesi og finnst þar reglulega greni.⁹ Friðað æðavarp er á svæðinu og er umferð gangandi manna takmörkuð á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júlí, við Leirhöfða, í nágrenni Hrutatanga og í Borgarhvammi. Kort með nákvæmum staðsetningum á takmörkunum er að finna í deiliskipulagi svæðisins sem er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is. Geta ber að þessar takmarkanir eru utan almennra gönguleiða á svæðinu.

2.3. Menningarminjar

Um menningarminjar gilda lög 80/2012 og fer Minjastofnun Íslands með umsjón menningarminja.

Menningarminjar í Hólmanesi voru kannaðar og skráðar af minjaverði Austurlands áður en Vegagerðin breytti legu Norðfjarðarvegar árið 2009.¹⁰ Þá var gerð fornleifaskráning í tengslum við framkvæmdir vegna álversins í Reyðarfirði af Fornleifastofnun Íslands.¹¹ Átta menningarminjar hafa verið skráðar innan bæði fólksvangsins og friðlandsins.¹² Geta ber að friðaðar minjar hafa 15 m friðhelgi frá ystu mörkum þeirra.

Jörðin Hólmar í Reyðarfirði var kirkjujörð og prestsetur og var um tíma talin eitt besta brauð landsins vegna hlunninda sem jörðinni fylgdu.¹³ Var búsetu á jörðinni hætt síðla síðustu

⁷ Ibid.

⁸ Ibid.

⁹ Fjarðabyggð, ekkert ártal.

¹⁰ Vegagerðin, ekkert ártal.

¹¹ Adolf Friðriksson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 1999.

¹² Þær eru: Völvuleiði, hlöðutóft, Hörganes, Leiðarhöfði, Árnaból, Baulhús, Ból og Eneshús/Stekkjarkvík

¹³ Hjörleifur Guttormsson, 1990.

aldar. Hluti Hólmajarðar er friðlandið í Hólmanesi. Á norðanverðu Hólmanesi eru leifar af öðru býli nefndu Baulhús, sem var afbýli frá Hólumum.

Völvuleiði er þjóðsagnaörnefni við hlaðna vörðu efst á Hólmahálsinum, rétt innan marka friðlandsins að vestanverðu. Þar er talið að hvíli öflug völvu, sem er í dag hollvættur Reyðarfjarðar. Á hún meðal annars að hafa afvegaleitt Tyrki á ransferð þeirra um Reyðarfjörð árið 1627.¹⁴

2.4. Landnotkun

Svæðið er að mestu notað til útivistar og náttúruskoðunar og hafa hefðbundnar nýttjar að miklu leyti fallið niður. Lengi var sláttur og beit stunduð á svæðinu. Fjárbreit hefur að mestu verið lögð af, þó gengur fé einstaka sinnum inn á svæðið frá Fljótsdalshéraði en fer minnkandi.

Umhverfisstofnun hafa ekki borist margar umsóknir um leyfi vegna kvikmynda- eða ljósmyndatöku á svæðinu þó einstaka leyfi hafi verið gefin út til slíkra framkvæmda. Allt rask á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Á þetta einnig við um kvikmyndatöku og ljósmyndun þar sem setja þarf upp leikmuni eða breyta með einhverju móti aðstæðum á friðlýstu svæðunum tveimur.

Skotveiði er bönnuð innan svæðisins en dúntekja er stunduð af afkomendum ábúenda á Hólumum.

2.5. Ferðapjónusta og útivist

Svæðið er eins og áður sagði vinsælt útivistarsvæði en þar má finna fjölmargar styttri gönguleiðir. Þá er svæðið einnig ætlað til útikennslu fyrir grunnskólanemendur frá nærliggjandi byggðum.

2.6. Innviðir og mannvirki

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum fyrir hin friðlýstu svæði í Hólmanesi er jarðrask og mannvirkjagerð bönnuð, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Innviðir eru í lágmarki á svæðinu og eru til þess ætlaðir að auðvelda fólki útivist á svæðinu. Við Hólmaháls er bílastæði og áningarstaður þar sem hægt er að njóta útsýnis yfir Hólmanes og borða nesti. Er aðgengi fyrir fatlaða að útsýnisstöðum. Samkvæmt deiliskipulagi er stefnt að því að áningastaðir verði einnig við útikennslusvæði og á bæjarstæði Hólma, sem er utan friðlandsmarka.

Árin 2013 og 2014 fengust styrkir frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að vinna að uppbyggingu innviða. Árið 2014 var unnið að framkvæmdum á áningarstað á Hólmahálsi. Hlaðinn var veggur við útsýnisstað og ruslatunnuskýli sett upp. Sjálfboðaliðar unnu að

¹⁴ Ibid.

stígagerð og viðhaldi stíga innan Hólmaness. Vorið 2015 var lokið við framkvæmdir á áningastaðnum við Hólmaháls.

2.6.1. Vegir og vegslóðar

Þjóðvegur liggur rétt fyrir ofan friðlýsta svæðið, yfir Hólmaháls, og er þar áningastaður og bílastæði með útsýni yfir svæðið. Þaðan er hægt að ganga niður í Hólmanes.

Vegslóði liggur Eskifjarðarmegin, í fólkvanginum og mun nýtast til að auðvelda aðgengi að útikennslusvæði.

2.6.2. Stígar, gönguleiðir og skilti

Svæðið býður upp á fjölmargar gönguleiðir þar sem gestum gefst tækifæri til að skoða mismunandi náttúrufar og komast í mikið návígi við lífríki svæðisins. Sveitafélagið Fjarðabyggð hefur gefið út gönguleiðakort fyrir svæðið en myndina er hægt að sjá á korti í viðauka III. Stikun gönguleiða í Hólmanesi er ábótavant á köflum og eru litamerkingar og númer gönguleiða ekki alltaf í samræmi við gönguleiðakortið. Gönguleiðirnar sjálfar eru flestar skýrir slóðar í landslaginu en nokkuð er þó um villustíga. Stígar um votlendisbletti á svæðinu geta verið óljósir og villuleiðandi.

Náttúrustofa Austurlands hannaði fræðsluskilti sem eru við núverandi gönguleið og bílastæði. Á skiltunum er fræðslutexti, bæði á íslensku og ensku, um gróðurfar, fugla, jarðfræði og menningarminjar, ásamt myndum. Skiltin voru sett upp árið 2015.

2.7. Rannsóknir og vöktun

Náttúrustofa Austurlands hefur séð um rannsóknir og vöktun á svæðinu, í samstarfi við Fjarðabyggð, en nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu hennar: www.na.is.

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hefst árið 2017. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Hólmanes en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.



Innan Hólmaness eru tveir vöktunarpunktar Alcoa Fjarðarás sem skilar árlega mælingum til Umhverfisstofnunar. Markmið vöktunarinnar er að fylgjast með áhrifum álversins í Reyðarfirði á nærsvæði þess en Hólmanes liggur við mörk þynningarsvæðis álversins.¹⁵

Enginn föst landvarsla er í Hólmanesi né á friðlýstum svæðum á Austfjörðum en mikil þörf er á slíkri vörslu.

Starfsmenn og sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar hafa séð um úttekt á göngustígum á svæðinu, ásamt umhverfisstjóra Fjaðrabýggðar.

2.8. Kynning og fræðsla

Svæðið er hentugt fyrir útikennslu og náttúruskoðun margs konar og er stefnt á að virkja grunnskólana í kring til að nota það sem slíkt þegar uppbygging á útikennslusvæði er lokið.

Fræðsluskilti eru við áningastað hjá þjóðvegi líkt og áður hefur verið talið upp (kafla 2.6.3. um skilti) en þörf er á frekari fræðslu við gönguleiðir.

¹⁵ Sjá nánar á slóðinni:

http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Starfsleyfi/Eftirlitsskyrslur/alver/Alcoa_voktunaraetlun_2014.pdf



3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að viðhalda verndargildi bæði fólkvangs og friðlands í Hólmanesi, lífríki svæðanna og gróðri. Þá er markmiðið að draga fram þau tækifæri sem felast í svæðinu til náttúrufræðslu og útivistar. Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina nánar markmið fyrir svæðið, útskýra framtíðarstefnu þess og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum. Stefna þessi, sem unnin er í takt við aðal- og deiliskipulag svæðisins, felur í sér þær aðgerðir sem Umhverfisstofnun mun hafa aðkomu að. Samkvæmt deiliskipulagi eru fyrirhugaðar aðgerðir og innviðaupbygging í fólkvangi í Hólmanesi sem eru á ábyrgð sveitafélags. Umhverfisstofnun styður þá stefnu sem kemur fram í deiliskipulagi svæðisins og þær framkvæmdir sem stefnt er að í tengslum við það. Fyrir liggur samningur um umsjón friðlandsins og skal stefnt að undirritun hans þegar þessi stjórnunar- og verndaráætlun tekur gildi.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun undirriti umsjónarsamning vegna friðlands í Hólmanesi.

3.1. Náttúruminjar

Varðveita skal jarðminjar, gróður og dýralíf á svæðinu og veita fólki tækifæri til að skoða og fræðast um hið fjölbreytta líf og þær jarðminjar sem finnast í Hólmanesi.

3.1.1. Jarðminjar

Jarðminjar skulu varðveittar og hólmunum sem einkenna Hólmanes gefið vægi sem áhugaverðar jarðminjar. Hólmanir standa sem vitnisburður um landmótun á svæðinu og í þeim felst tækifæri til menntunar og náttúrufræðslu. Skal því stefnt að því að auka fræðslu um landmótun svæðisins. Að sama skapi eru líparítrík svæði kjörin fyrir fræðslu um megin eldstöð Reyðarfjarðar og skal gefa gestum kost á slíkri fræðslu. Beina skal tilmælum til gesta svæðisins um að hlaða ekki vörður og skulu nýjar vörður upprættar. Þó verði tryggt að gamlar vörðuhleðslur sem hafa menningarsögulegt gildi verði ekki upprættar.

Aðgerðir:

- ✓ Fræðsluskilti um landmótun svæðisins verði hönnuð og sett upp á svæðinu.
- ✓ Fræðsluskilti um megineldstöð Reyðarfjarðar verði hönnuð og sett upp á svæðinu.
- ✓ Táknmyndir/tilmæli verði settar upp til að draga úr vörðuhleðslum.
- ✓ Vörður séu reglulega upprættar.

3.1.2. Gróður

Stuðla skal að almennri fræðslu um gróður svæðisins og hvetja til útikennslu og náttúruupplifunar innan þess. Sérstaklega skal efla fræðslu um fágætar tegundir og þær einkennisjurtir Austfjarða sem vaxa á svæðinu. Þá skal svæðið nýtt til fræðslu á mismunandi vistkerfum sem þar finnast. Bæta skal við fræðsluskiltum þess efnis, teljist það nauðsynlegt að mati umsjónaraðila eða Umhverfisstofnunar, en fyrir eru nokkur fræðsluskilti á svæðinu. Hefta skal útbreiðslu lúpínu og annarra tegunda er teljast framandi og ágengar.

Stuðla skal að því að fólk fylgi göngustígum og merktum leiðum á ferð sinni um friðlýstu svæðin tvö. Þannig er unnið gegn myndun óþarfa stíga og gróðurrofi.

Aðgerðir:

- ✓ Loka skal villustígum.
- ✓ Árlega skal slá lúpínu í Hólmanesi.
- ✓ Fræðsluskilti um gróðurfar og vistkerfi verði hönnuð og sett upp á svæðinu.

3.1.3. Dýralíf

Vernda skal dýralíf Hólmaness og gefa því tækifæri til að dafna á eigin forsendum. Gestir skulu ávallt umgangast fugla og önnur dýr, sem þar dvelja eða staldra við, af varkárni. Sérstaka aðgát skal sýna á varptíma fugla og þegar yrðlingar eru í grenjum. Virða skal takmarkanir á umgengni vegna æðavarps sbr. kafla 2.2.3. hér að ofan. Leita skal leiða til að gefa fólki margs konar tækifæri á fuglaskoðun og annarar dýralífsskoðunar á svæðinu með

skipulagi gönguleiða og fræðslu á svæðinu. Stefnt skal að því að auka vöktun á öllu dýralífi svæðisins.

Meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlands.

Samkvæmt 13. gr. laga 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, njóta minkar ekki friðunar. Verði talið nauðsynlegt að uppræta mink innan svæðisins skal það gert í samráði við Umhverfisstofnun og Fjarðabyggð.

3.2. Menningarminjar

Stuðla þarf að verndun menningarminja margs konar, á það við um fornminjar, örnefni og þjóðsögur og jafnvel munnmælasögur er tengjast svæðinu. Skal ávallt leita samráðs Minjastofnunar vegna fræðslu um menningarminjar eða verndarráðstafana hvers konar er snerta menningar- og fornminjar á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun kanni áhuga hjá Minjastofnun um samstarf vegna fræðslu um menningarminja á svæðinu. Fræðsluskilti um búskaparhætti verði í kjölfarið hönnuð og sett upp við tilheyrandi menningarminjar, í samráði og samstarfi við Minjastofnun.

3.3. Landnotkun, ferðaþjónusta og útivist

Landnotkun á svæðinu er helst í formi útivistar þó hún einskorðist ekki við hana. Stefnt er að því að svæðið nýtist til náttúrufræðslu og að útbúin sé aðstaða til útikennslu innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun styður við þá fyrirætlun sveitafélagsins og þá stefnu eins og hún er lögð fram í deiliskipulagi svæðisins enda telur stofnunin hana í takt við aðrar áherslur í stefnumótun svæðisins. Aðaláhersla í ferðaþjónustu á svæðinu er að svæðið bjóði upp á lifandi náttúruupplifun þar sem fólki gefst tækifæri á að njóta útivistar og fjölbreyttra gönguleiða. Þá verður einnig viðhaldið þeirri stefnu að gefa ferðamönnum kost á áningastað við þjóðveginn uppi á Hólmahálsi þar sem hægt er að borða nesti og njóta útsýnis yfir svæðið.

Svæðið er, samkvæmt aðalskipulagi Fjarðabyggðar, friðað fyrir búfjárbætur og er stefnt að því að halda því þannig.

Dúntekja verði áfram stunduð með hefðbundnum hætti af ábúendum en hún er á ábyrgð landeiganda.

3.4. Innviðir og mannvirki

Innviðauppygging verður samkvæmt deiliskipulagi svæðisins en þar er gert ráð fyrir lágstemmdum innviðum sem stuðla að útivist og náttúruupplifun gesta. Nauðsynlegt er að leyfi Umhverfisstofnunar liggja fyrir áður en ráðist er í framkvæmdir eða innviðauppyggingu sem felur í sér jarðrask.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir salernisaðstæðu við Hólmaháls og við bæjarstæði Hólma, sem er utan friðlandsmarka og gildir stjórnunar- og verndaráætlunin ekki fyrir þann hluta deiliskipulags. Skoða skal hvort staðsetning fyrir salerni sé hentugari við útikennslusvæði Hólmaness, Eskifjarðarmegin en á Hólmahálsi sjálfum. Ef niðurstaðan verður sú að salerni skal byggt annars staðar en deiliskipulag gerir ráð fyrir skal breyta deiliskipulaginu í samræmi við það, áður en framkvæmdir hefjast.

Ekki er gert ráð fyrir gönguleiðum umfram þær sem eru settar fram á deiliskipulagi og á fyrirbyggjandi gönguleiðakorti. Fyrir neðan Hólmaháls verður aðeins innviðauppbygging sem tengist gönguleiðum, útikennslu og náttúruskoðun. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir lágstemmdum skiltum, bekkjum og aðstöðu til fuglaskoðunar á svæðinu og skal stefnt að uppbyggingu þessara innviða á næstu árum (sjá aðgerðaáætlun). Skulu gönguleiðir falla vel að landslagi og innviðir, á borð við fuglaskoðunarhús eða bekkir, vera lágstemmdir.

Stefnt er að því að á útikennslusvæði verði aðgengi fyrir fatlaða en nú þegar er aðgengi fyrir fatlaða á útsýnissvæðinu við Hólmaháls.

- ✓ Komið verði á samstarfi við Fjarðabyggð vegna aðstöðu til fuglaskoðunar innan svæðisins.
- ✓ Bekkir verði settir upp við gönguleiðir.

3.4.1. Stígar og gönguleiðir

Verulegar úrbætur þarf á göngustígum innan Hólmanes og á þetta við bæði friðlands- og fólkvangsmegin. Mikilvægasta skref í uppbyggingu á svæðinu er að endurbæta og skilgreina betur gönguleiðir á svæðinu. Villustígum skal lokað og gróðursár grædd. Gönguleiðir skulu vera vel skilgreindar og merktar. Skulu gönguleiðir og merkingar á þeim vera samræmdar sbr. fyrirbyggjandi gönguleiðakort og deiliskipulag.

Aðgerðir:

- ✓ Loka skal öllum villustígum.
- ✓ Samræma skal gönguleiðir, gönguleiðakort og deiliskipulag svæðisins. Gönguleiðir verði merktar í samræmi við deiliskipulag og gönguleiðakort, með vegprestum og litum þar sem það á við.

3.4.2. Skilti

Þau skilti sem sett verða upp skulu vera í formi fræðsluskilta og QR kóða skilta. Skal fræðsluefnið vera aðgengilegt við áningarstaði og á gönguleiðum og hannað með það að markmiði að fræða gesti um gróður, dýralíf, jarðfræði og fyrri búskaparhætti á svæðinu.

Draga þarf úr óprifnaði á Hólmahálsi og vísa fólki á nærliggjandi salerni og gefa til kynna fjarlægð þeirra frá áningastaðnum í báðar áttir, til Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.

Auka þarf upplýsingagjöf um hröphættu á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Skilti um hráphættu verði sett upp þar sem við á.
- ✓ Fræðsluskilti hönnuð og sett upp á viðeigandi stöðum.
- ✓ Set verði upp skilti á Hólmahálsi sem vísar á næstu salerni.

3.4.3. Sorp og sorphirða

Ein sorptunna er á bílastæði og er gert ráð fyrir sorptunnum við bæjarstæði Hólma, sem er utan friðlýsingarmarka. Engar sorptunnur skulu vera við gönguleiðir innan Hólmaness og skal fólk taka allt sorp með sér og farga því annað hvort við áningastaðina eða við aðra skilgreinda sorplosunarstaði.

3.4.4. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum

Auka þarf landvörslu á svæðinu töluvert og stuðla að því að landvörður verði á sumartíma með aðsetur í nágrenninu. Stefnt er að heilsársstöðu sérfræðings á Austurlandi, sem færi með yfirumsjón svæðisins.

3.5. Rannsóknir og vöktun

Stefnt skal að því að gerð sé vöktunaráætlun fyrir friðlýstu svæðin tvö og skal Umhverfisstofnun vera í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna hennar.

Sveitafélagið Fjarðabyggð stefnir að því að koma á fót, ásamt Náttúrustofu Austurlands, úttekt á faunu og flóru innan friðlýsta svæðisins ásamt áframhaldandi vöktun til sex ára. Markmið verkefnisins er m.a. að rannsaka áhrif refs á fuglalíf á tveimur friðlýstum svæðum innan Reyðarfjarðar, annars vegar í Hólmanesi og hins vegar í fólkvangi Neskaupstaðar en svæðin einkennast af svipuðum vistgerðum og aðstæðum að mörgu leyti. Í fólkvanginum Hólmanesi hefur refur þó verið látinn óátalinn en í fólkvangi Neskaupstaðar hefur honum verið haldið í skefjum. Með rannsókninni gefst tækifæri til að bera saman svæðin og sjá hvort friðun refs höggvi raunveruleg skörð í fuglastofna eða ekki. Umhverfisstofnun lítur svo á að rannsóknin sé svæðinu til bóta og í takt við þær áherslur sem fram koma í friðlýsingu svæðisins og skipulagi.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar sem fer með yfirumsjón með friðlýstum svæðum á Austurlandi stefnir á úttektarferð til Austfjarða sumarið 2017 þar sem meðal annars verður gerð kortlagning á villustígum og ástandsgreining á gönguleiðum og öðrum innviðum á friðlýstum svæðum Austurlands.

Aðgerðir:

- ✓ Sérfræðingur Umhverfisstofnunar geri úttekt á innviðum og kortleggi villustíga í Hólmanesi.

3.6. Kynning og fræðsla

Vekja þarf athygli á náttúrufari svæðisins með aukinni fræðslu. Með reglubundinni landvörslu væri hægt að bjóða upp á náttúruskoðun í Hólmanesi.

3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför

Drónar skulu leyfiskyldir innan bæði friðlands og fólkvangs í Hólmanesi með það að markmiði að verja fugla og annað dýralíf á svæðinu fyrir óþarfa röskun.

Sérstakar reglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandi og fólkvangi í Hólmanesi sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- Notkun dróna og annarra ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Heimildir

- Fjarðabyggð. (Ekkert ártal). Gönguleiðir og áhugaverðir staðir (gönguleiðabæklingur).
Fjarðabyggð: Reyðarfirði.
- Adolf Friðriksson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (1999). Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við álver í Reyðarfirði, FS093-9912. Forleifastofnun Íslands.
- Náttúrustofa Austurlands. (2010). Hólmanes – Landslag og jarðfræði. Fengið af slóðinni: <http://na.is/index.php/2010/222-holmanes-landsla-og-jarefraeei> þann 12. maí 2016.
- Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson og Kristín Ágústsdóttir. (2003). *Hólmanes og Hólmaháls – lífríki og verndargildi svæðisins*. Náttúrustofa Austurlands: Neskaupstað.
- Vegagerðin. (Ekkert ártal). *Kynning framkvæmdar. Norðfjarðarvegur um Hólmaháls*. Fengið af slóðinni [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/NordfjvHolmahalsKynning/\\$file/NordfjvHolmahalsKynning.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/NordfjvHolmahalsKynning/$file/NordfjvHolmahalsKynning.pdf) þann 29. ágúst 2016.
- Hjörleifur Guttormsson. (1990). Í blíðviðri um Reyðarfjarðarhrepp hinn forna. *Þjóðviljinn*, 1990(126), 5.

Allar myndir í stjórnunar- og verndaráætlun þessari eru birtar með góðfúslegu leyfi Fjarðabyggðar.

Viðauki I

Auglýsing frá [Umhverfisstofnun].

Að tillögu sveitarstjórnar Eskifjarðarhrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið á fundi sínum 7. maí 1973 að friðlýsa Hólmanes og hluta Hólmaháls í Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppi. Er eignarhluti Eskifjarðarhrepps fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en eignarhluti ríkisins í Reyðarfjarðarhreppi friðland samkvæmt 24. gr sömu laga.

Mörk svæðisins eru þessi:

Hið efra um Langhamra ofan núverandi þjóðvegjar. Eskifjarðarmegin liggja þau úr enda Langhamra í hreppamörk rétt vestan Völvuleiðis og þaðan niður eftir melrinda stystu leið til sjávar utan við ytri Bólklettseyri. Reyðarfjarðarmegin eru mörkin frá innri enda Langhamra utan Illukeldu þvert á þjóðveg niður í beitargirðingu Hólmajarðar og fylgja henni til sjávar við Hörganes. Hólmarnir í landi Hólmajarðar fylgja hinu friðlýsta svæði svo og grynningar og flesjar við ströndina innan marka þess.


Samræmdar reglur, sem gilda um allt svæðið eru þessar:

1. Gangandi fólki er frjáls umferð, enda virði það almennar umgengisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfri truflun á dýralífi. Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu. Æðarvarp verði nýtt og njóti verndar á hefðbundinn hátt.
2. Mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu og allt jarðrask er þar bannað utan eðlilegt viðhald þjóðvegjar, enda fylgi því ekki efnistaka á svæðinu sjálfu. Vélknúnum tækjum má aðeins aka eftir þjóðvegi.
3. Sauðfjárbreit verður látin óátalin á svæðinu fyrst um sinn, enda verði ekki um aukningu beitar að ræða frá því sem tíðkast hefur síðustu ár. Verði breyting á og svæðið girt og friðað fyrir beit skal ákvörðun þar að lútandi tilkynnt ábúanda á Hólmmum með tveggja ára fyrirvara.
4. Undanþágur frá reglum þessum eru háðar samþykki [Umhverfisstofnunar].

Umsjón með svæðinu er í höndum þriggja manna. Skulu sveitarstjórnir Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps tilnefna einn mann hvor, en Umhverfisstofnun hinn þriðja og er hann formaður. Starfstími nefndarinnar er milli sveitarstjórnarkosninga. Kostnaður, sem leiðir af stofnun og rekstri hins friðlýsta svæðis, greiðist að jöfnu af ríki og Eskifjarðarhreppi.


Fríðlýsingarskilmálar fyrir friðland og fólkvang í Hólmanesi

Viðauki II



Friðlandsmörk

Viðauki III



Gönguleiðakort fyrir Hólmanes¹⁶

¹⁶ Fjarðabyggð, ekkert ártal.

F.h. Umhverfisstofnunar, 13. mars 2017

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri

Linda Guðmundsdóttir, sérfræðingur

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

Björt Ólafsdóttir